

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar skal heimilt að taka sýnishorn úr aflanum.

Athygli skal vakin á því, að lágmarksstærð sildar, sem leyfilegt er að veiða, er sem fyrr 25 cm.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. marz 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Gunnl. Briem.*

31. marz 1970.

Nr. 58.

## AUGLÝSING

um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild skv. 13. tl. 3. gr. laga nr. 1 1970, um tollskrá og fleira, til að lækka aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum, sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörulýsing	Tollskr.- tollur	EFTA- tollur
39.07.89	Plastumbúðir fyrir skuggamyndir .....	50%	35%
48.09.00	Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt .....	20%	
48.21.09	Myndarammar úr pappa .....	50%	35%
60.04.04	Sjúkrasokkabuxur úr Lycraefni, ef að verðmæti er meira en DM 15 pr. stk., eða jafnvirði þess í annarri mynt ..	35%	25%
62.05.02	Björgunar- og slysavarnartæki .....	0	
62.05.09	Skóskraut úr taui .....	10%	
84.40.09	Ýfingarvél fyrir þrjónles .....	7%	
89.01.21	Björgunarbátar .....	0	

*Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1970.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Hermannsson.*

6. apríl 1970.

Nr. 59

## AUGLÝSING

um mat á vinnuvélum til tollverðs.

Þegar verktaki, sem tekið hefur að sér verk fyrir ríkið eða annan opinberan aðila hér á landi, flytur hingað til lands vélar eða tæki, sem nota skal við framkvæmd verksins, skal um mat til tollverðs á vélum og tækjum fara samkvæmt því, sem hér á eftir segir:

### 1.

Leggja skal til grundvallar eðlisverð (normalverð) hinna tollskyldu muna, eins og það er skilgreint í 5. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 1 11. febrúar 1970, sbr. og 6. gr. og 4. mgr. 18. gr. sömu laga.

## 2.

Við mat á tollskyldu verðmæti (fob-verðmæti) muna, sem fluttir eru notaðir til landsins, skal leggja til grundvallar eftirfarandi afskriftarreglur:

Miðað við endingartíma í árum „a“ verður árleg meðalfyrning í hundraðshlutum 100/a.

Dæmi: Árleg meðalfyrning vinnuvélar, sem talin er endast í 5 ár, verður  $100/5 = 20\%$ .

Á fyrsta ári reiknast tvöföld meðalfyrning, þ. e. 200/a %, og síðan er árleg fyrning sama hundraðstala af skráðu verðgildi næsta árs á undan. Verðgildi skal þó aldrei reiknast lægra en 10% af upprunalegu verðgildi.

Dæmi: Kaupverð nýrrar vélar er kr. 100 000.00. Áætlaður endingartími er 5 ár. Fyrning á 1. ári er þá  $0.4 \times 100\ 000 =$  kr. 40 000.00. Verðgildi við upphaf annars árs er kr. 60 000.00. Fyrning á öðru ári er  $0.4 \times 60\ 000 =$  kr. 24 000.00.

Árslök	Árleg fyrning %	Afskrift kr/a	Skráð verðgildi kr.
0 .....	—	—	100 000
1. ....	40	40 000	60 000
2. ....	40	24 000	36 000
3. ....	40	14 400	21 600
4. ....	40	8 640	12 960
5. ....	40	5 184	(7 776) 10.

Aldur hinna tollskyldu muna skal að jafnaði talinn í mánuðum, og við mat skal þá reikna afskriftir innan hvers árs í beinu hlutfalli við fjölda heilla mánaða.

Dæmi: Aldur umræddrar vinnuvélar er talinn 1 ár og 8 mánuðir. Á 2. ári verða afskriftir  $8/12 \times 24\ 000 =$  kr. 16 000.00, og skráð verðgildi  $60\ 000 \div 16\ 000 =$  kr. 44 000.00.

Heimilt skal tollyfirvöldum að láta fara fram sérstakt mat í þeim tilvikum, sem skráð verðgildi verður lægra en 25% af upprunalegu verðgildi.

Nú flytur verktaki aftur úr landi vél eða tæki, sem hann hefur flutt inn og notað samkvæmt framansögðu, áður en vélin eða tækið hefur verið afskrifað niður í 10%, og skal hann þá, séu endurgreiðsluheimildir fyrir hendi samkvæmt lögum, fá endurgreiddan toll af fob-verðmæti miðað við það, sem skortir fyrningu niður í 10%, eftir sömu reglum og að framan greinir. Jafnframt fær hann endurgreiddan í sama hlutfalli toll af öðrum kostnaðarliðum, sem reiknaðir voru til tollverðs við innflutning til landsins.

Dæmi: Vinnuvél sú, sem áður var minnzt á, er flutt út eftir 16 mánaða notkun hér á landi. Verðgildi vélarinnar við útflutning er kr. 21 600.00, og til tollverðs við endurgreiðslu reiknast  $21\ 600 \div 10\ 000 =$  kr. 11 600.00. Endurgreiddur tollur verður samkvæmt þessu  $11.6/44$  af áður greiddum tollum.

Framangreindar matsreglur eru bindandi, og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

## 3.

Við ákvörðun tollverðs skal hafa til hliðsjónar eftirfarandi skrá yfir áætlaðan endingartíma algengustu vinnuvéla, miðað við venjulega notkun þeirra (1200—2000 klst. á ári). Hafi notkunartími að marki verið annar, ber að taka tillit til þess.

Vinnuvél	Endingartími ár	Meðalnotkun klst./ár
Ýtur .....	5	2000
Gröfur minni en 1 cu yd .....	4	2000
Gröfur 1—2 cu yd .....	5	2000
Gröfur stærri en 2 cu yd .....	6	1600
„Scrapers“ .....	5	2000
Lofthjökkur 200 cfm eða minni .....	4	1200
Lofthjökkur stærri en 200 cfm .....	5	1200
Lofthamrar og borar .....	3	1200
Lofthlängur .....	2	1200
Borvagnar .....	6	1400
Flutningabílar og dráttarvélar .....	5	2000
Flutningabílar stærri en 16 tonn .....	5	1600
Mulningsvélar .....	6	1400
Valtarar, sjálfdrifnir, tviása .....	6	2000
Valtarar, dregnir, einása .....	3	1400
Steypustöðvar .....	5	1400
Steypubílar .....	4	2000
Steypublöndunarvélar .....	4	1400
Steypudælur .....	4	1400
Steypuvagnar .....	3	1400
Titrarar, rafknúnir .....	4	1600
Titrarar, aðrir .....	3	1600
Stálmót .....	4	1400
Kranar, hreyfanlegir, minni en 5 t .....	4	1600
Kranar, hreyfanlegir, 5—15 t .....	5	1600
Kranar, stærri en 15 t .....	6	1400
Asfaltstöðvar .....	6	1200
Malbikunarvélar (útlagningarvélar) .....	4	1600
Rafstöðvar, hreyfanlegar .....	6	1600
Dælur, rafknúnar .....	6	1200
Dælur, aðrar .....	5	1200

## 4.

Framangreindar reglur eru settar samkvæmt heimild í 8. og 10. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 1 11 febrúar 1970.

*Fjármálaráðuneytið, 6. apríl 1970.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Hermannsson.*